

## Skólaráð Lækjarskóla

---

21. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 11. apríl 2013 kl. 8:15.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Foreldrakönnun
2. Hvernig á að meta árangur nemenda
3. Umhverfisvaktin
4. Tækjabúnaður og viðhald húsnæðis
5. Frá foreldrafélaginu
6. Frá nemendaráði
7. Frá fulltrúa grenndarsamfélagsins
8. Önnur mál
9. Þemadagar, skoðunarferð

#### 1. Foreldrakönnun

Kynnt var foreldrakönnun, úrtakskönnun sem framkvæmd var af fyrirtækinu Skólapúlsinum. Þessi könnun var lögð fyrir foreldra í öllum skólum Hafnarfjarðar.

#### 2. Hvernig á að meta árangur nemenda

Skólastjóri kynnti þær breytingar sem verða á námsmati með tilkomu nýju námskrárinnar. Skólinn vinnur með Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar að innleiðingu námskrárinnar og hins nýja námsmats, sem ætlað er að taki gildi á haustönn 2014. Þessar breytingar verða kynntar fyrir nemendum og foreldrum.

#### 3. Umhverfisvaktin

„Umhverfisvaktin“ er verkefni sem snýr að umhirðu og fegrun bæjarins. Skólar og og ýmis félagasamtök taka að sér að sjá um hreinsun á skilgreindu landsvæði í bænum. Þetta eykur umhverfisvitund. Samþykkt er að Lækjarskóli sækji áfram um að taka þátt í verkefninu.

#### 4. Tækjabúnaður og viðhald húsnæðis

Hús Lækjarskóla er 10 ára og því kominn tími á viðhald. Takmarkað fé er úthlutað til viðhalds og tækjabúnaðar.

#### 5. Frá foreldrafélaginu

#### 6. Frá nemendaráði

Nemendur sáu sér ekki fært að mæta.

#### 7. Frá fulltrúa grenndarsamfélagsins.

Rætt var um Skólahreysti og fleira.

## 8. Önnur mál

- Rætt var um ráðgjöf við nemendur
- Skóli án aðgreiningar

Fundi slitið kl. 9:30.

### **Fundinn sátu:**

Haraldur Haraldsson, skólastjóri  
Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra  
Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags  
Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara  
Margrét Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara  
Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir